

# Heimsóknir á dönsk kúabú

*Jóhannes Hr. Símonarson og Guðmundur Jóhannesson  
nautgriparæktarráðunautar hjá Búnaðarsambandi Suðurlands*

Í tengslum við NÖK ráðstefnuna sem frá er greint annars staðar í blaðinu voru skipulagðar heimsóknir á nokkur kúabú fyrir íslenska hópinn. Að beiðni Jóhannesar Torfasonar á Torfalæk höfðu dönsku bændahjónin Else og Anders Petersen skipulagt heimsóknirnar fyrir okkur en þau hjón eru íslenskum NÖK meðlimum að góðu kunn gegnum árin. Í stuttu máli var skipulagning þeirra hjóna til fyrirmyndar og mikil fjölbreytni í þeim fjósum sem við sáum. Skál nú greint stuttlega frá heimsóknunum og því sem vakti sérstaka athygli undirritaðra.

**HENRIK DALSGÅRD  
NORDRE BORREMOSEVEJ 10,  
SJØSTRUP, ÅRS**

Á fyrsta búinu sem við heimsóttum var nýlegt legubásafjós fyrir um 200 Jersey kýr. Athygli vakti að í legubásunum voru engar dýnur, aðeins sandur. Þröskuldur aftast í básnum dró úr því að sandurinn færi mikið yfir í flórin þó óhjákvæmilega gerðist það með tímanum. Mælt er með að sandi sé bætt í básana mánaðarlega þó þessi ákveðni bóndi



**Mynd 1** Séð yfir legubása á tilraunabúi danskra kúabænda. (*Ljósm. Guðmundur Jóhannesson*)  
virtist nú gera það eitthvað sjaldnar. Kaupa þurfti sand sem var sérstaklega

léttur og hafði þann eiginleika að fljóta í mykjunni en botnfalla ekki en slíkt myndi ganga frá mykjudælum á stuttum tíma. Annar kostur við þennan sand var að hann var algjörlega dauður, þ.e. engar örverur fengu þrifust í honum. Kostnaður búsins vegna sandkaupanna nam um 800 ísl. krónum á ári á hvern bás.

Mjaltabásinn í þessu fjósi var hringekja fyrir 24 kýr. Vakti hún mikinn áhuga enda í fyrsta skipti sem mörg okkar sáu slíkan bás í notkun. Mjaltakerfið var frá DeLaval og augljóst að vinnuaðstaðan var til mikillar fyrirmyndar að öðru leyti en því að aðgangur mjaltamanns til og frá básnum var takmörkunum háð. Mjaltamaðurinn var inni í hringnum og eina leiðin út úr honum var að þrila yfir eða í gegnum mjaltasvæði kúnna. Hann var því nánast lokaður inni í básnum frá því að mjaltir hófust og þar til þeim lauk. Afkastagetan var hins vegar mjög mikil og átti einn maður auðvelt með að sinna mjöltunum enda sá rafmagnssmali um að koma kúnum til mjalta auk þess sem sjálfvirkir aftakarar léttu vinnuna mjög mikið.

**VIKUM HOVEDGÅRD  
ØSTERVANGSVEJ 28,  
VEJRUM, TJELE**

Gamall herragarður þar sem rekið var holdanautabú með Hereford nautgripum. Eldri maður sem hafði átt og rekið húsgagnaverksmiðju í mörg ár hafði látið gamlan draum rætast, selt verksmiðjuna og keypt sér jörð. Aðspurður hvernig honum hefði dottið í hug að selja stórt og

arðbært fyrirtæki til að fjárfesta í landbúnaði sagði hann eitthvað á þessa leið; “Maður má gera það sem manni sýnist þegar maður á peninga”.

Miklar framkvæmdir höfðu átt sér stað síðan hann keypti, t.d. hafði hann byggt gríðarlega stórt fjós (4.500 fermetra) fyrir holdagripina þar sem allir gripir voru í stíum með hálmbeði. Breiður, vélgengur fóðurgangur var fyrir miðju húsi og fyrir utan bygginguna sjálfa nokkur stór og haganleg gerði. Árlega báru um 400 Hereford kýr á búinu.

**KVÆGBRUGETS FORSØGSCENTER  
BURREHØJVEJ 49, TJELE  
WWW.KFC-FOULUM.DK**

Tilraunastöð danskra nautgripabænda rétt við tilraunastöð ríkisins að Foulum. Nýtt legubásafjós með þremur DeLaval mjaltþjónum. Tveir mjaltþjónar sinntu SDM (Holstein) og RDM kúnum sem gengu saman í einni hjörð en einn sinnti Jersey kúnum sem hafðar voru sér. Í tilraunastöðinni fara fram alls konar fóðurrannsóknir og aðstaðan býður upp á annars vegar hópfóðrun og hins vegar einstaklingsfóðrun. Mikinn tæknibúnað þarf til að sinna megi einstaklingsfóðrun í svona fjósi þar sem sendir sem festur er í hálsband kúnna ræður því hvar kýrnar kýrnar komast að fóðrinu og hve oft. Þar fór einnig fram



**Mynd 3** Gjafabúnaður á tilraunabúi danskra kúabænda. (Ljósm. Guðmundur Jóhannesson) atyglisverð atferliskönnun á smákálfum með aðstoð tölvu og kvikmyndatökuvélar.

Tilraunastöð þessi var stofnuð af öllum helstu samtökum danskra kúabænda vegna þess að þeim fannst rannsóknir ganga of hægt hjá tilraunastöðinni á vegum ríkisins. Stöðin er einnig rekin af þeim sjálfum. Tilraunirnar eiga fyrst og fremst að taka á aðstæðum sem bændur þurfa svör við í daglegum rekstri en stöðin sinnir ekki grunnrannsóknnum líkt og tilraunastöðin á Foulum.



**Mynd 2** Limousin naut á búi Randi og Lennarts Mortensen. (Ljósm. Bjarni Guðmundsson)

**RANDI OG LENNART MORTENSEN  
RAVNING SØNDERGÅRD,  
BREDSTEN**

Bændur þar vinna fullan vinnudag utan búsin en auk þess búa þau með 16 Limousine kýr ásamt uppeldi á jörð sinni. Þau hafa gríðarlega mikinn áhuga á ræktun nautgripa og hefur naut frá þeim t.d. verið tekið á nautastöð til kynbóta. Burðartími kúnna er á vorin og ganga kálfarnir undir mæðrum sínum fram á haust eða þar til gripirnir eru teknir á hús. Á veturna eru sláturgripirnir fóðraðir á heyi og á eins miklu kjarnfóðri og þeir geta étið. Fram koma að kálfarnir ná um 2 kg þyngdaraukningu á dag þegar best lætur og þegar þeim er slátrað 14-15 mánaða gömlum hafa þeir náð um 350-400 kg falli.

Í samtali við þau hjónin var m.a. farið yfir reglur Evrópusambandsins um

nautakjötsframleiðslu. Lennart tjáði okkur að heimaslátrun væri alfarið bönnuð og skylt er að merkja alla nautgripi eftir ákveðnu númerakerfi sem þeim hefur verið úthlutað. Um leið og þau byrja búskap fá þau “græna kortið” sem er leyfi til búfjárhalds, standist aðbúnaður reglur Evrópusambandsins. Þegar kálfur fæðist er þeim skylt að merkja hann og koma þeim upplýsingum á framfæri til eftirlitsaðila. Eftirlitsaðili hefur síðan rétt til að koma í heimsókn með mjög stuttum fyrirvara og fara yfir skýrslur búans og bera þær upplýsingar saman við eigin skýrslur og fjölda gripa á búinu. Finnist misræmi er það bóndans að sanna réttmæti upplýsinganna sem hann býr yfir. Sé ekki hægt að útskýra misræmi er hætta á að viðkomandi bóndi missi græna kortið í eitt ár auk hárra fjársekta. Eins og Lennart orðaði það borgaði sig engan veginn að reyna að svindla á þessu kerfi. Eftirlitsaðilinn kemur tilviljanakennt, stundum sést hann ekki í mörg ár en svo getur hann komið með árs millibili þess vegna. Kosturinn við kerfið er hins vegar það að allir nautakjötsframleiðendur eru í þessu kerfi og sitja þ.a.l. við sama borð og góður aðbúnaður gripanna er tryggður eins og hægt er.

**ELSE OG ANDERS PEDERSEN  
BALLEGÅRD, SØDOVERVEJ 50,  
BREDSTEN**

Á þessu búi var hefðbundið gamalt básafjós með rörmjaltakerfi. Í fjósi voru 67 Jerseykýr ásamt uppeldi. Í básum var hálmur sem endurnýja þurfti reglulega og flórinn þurfti að skafa með handafli. Fóðurgangar mjóir og erfiðir í gjöfum. Þrátt fyrir allt þótti okkur “heimilislegt” að koma í þetta gamla fjós eftir heimsóknir síðustu daga í nýleg og nútímavædd fjós. Nutum við gestrisni þeirra hjóna fram eftir kvöldi sem værum við konungsborin enda mikill vinskapur milli þeirra og hjónanna á Torfalæk. Á

Ballegård er ein besta Jerseyhjörð í Danmörku og hafa gripir þaðan verið margverðlaunaðir t.d. á Agromek sýningunni sem íslenskum bændum er að góðu kunn.

**BÚFJÁRSÝNING Í RIBE**

Eftir skipulagða dagskrá íslenska hópsins lögðum við undirritaðir síðan land undir fót og fórum á búfjárýningu í Ribe á austurströnd Jótlands. Þessi sýning er aðeins ein af mörgum á hverju ári í Danmörku. Þarna voru mjólkurkýr mest áberandi en einnig töluvert um holdanautgripi, sauðfé, geitur og hross.



**Mynd 4** Kýr af Holstein kyni (SDM) sem valin var besta kýr á búfjárýningunni í Ribe. (*Ljósm. Guðmundur Jóhannesson*)

Það sem vakti mesta athygli okkar var hve sýningin gekk vel og greinilegt að mikil hefð er á slíku sýningarhaldi þar ytra. Við sem erum að reyna að endurvekja kúasýningar hér á landi fengum þarna nasasjón af hvernig slíku sýningarhaldi er háttað hjá Dönum. Keppt er í mörgum flokkum innan kynjanna og einnig milli kynja t.d. er valinn besti gripur sýningarinnar óháð kyni. Vélasalar voru að sjálfsögðu á staðnum ásamt hinum ýmsu þjónustuaðilum landbúnaðarins. Þar mátti einnig finna ýmislegt sem sérstaklega var ætlað börnunum s.s. hoppukastala og slíkt. Sýningin var því miklu fremur “uppákoma” (festival) en ekki bara fagleg búfjárýning.

Eftir heimsóknir á dönsk kúabú er margt sem situr eftir. Eitt það athyglisverðasta er hve danskir bændur eru raunsær og talnaglöggir. Þeir líta fremur á sig sem framkvæmdastjóra en bónda, þ.e. þeirra hlutverk er að reka búíð með sem hagkvæmustum hætti. Það þarf ekki endilega að þýða að þeir þurfi að gera alla hluti sjálfir heldur ekki síður að leita að hagkvæmum og viðurkenndum verktökum í ákveðin verk. Einnig virtist sama um hvaða tölur var spurt, t.d. um hvað fóðureiningin kostaði í fóðrinu, hvernig fóðrinu var blandað saman í hlutföllum, hvaða verð fékst fyrir þeirra mjólk, efnainnihald mjólkur, allt var á hreinu.

Fróðlegt er að kynna sér búskaparhætti frænda okkar því íslenskur landbúnaður færir stöðugt nær þeim danska. Eigum við þar við að til að lifa af í harðnandi samkeppni þarf alltaf að leita hagkvæmustu leiða í rekstri. Þeirra niðurstaða er e.t.v. sú sem við getum heimfært, þ.e. fullnýta þær fjárfestingar sem til hefur verið stofnað og nýta sér verktaka og/eða samvinnu við aðra

bændur hvað varðar sérhæfða vélavinnu s.s. við fóðuröflun. Hins vegar þurfum við að átta okkur á því hve mörgum árum þeir eru á undan okkur í uppbyggingu jarðanna. Hefð þeirra, t.d. fyrir endurræktun túna, er svo langt á undan okkar sem nýlega erum hætt að brjóta nýtt land til ræktunar og margir bændur hérlandis eru enn á fyrsta hring endurræktunar. Danir leggja einnig mikið upp úr ásýnd búsin og innra skipulagi útihúsa. Malarborin plön, vel hirt húsin, blómaker og fagrir garðar eru áberandi og bera eigendum sínum fagurt vitni. Eitthvað sem íslenskir bændur þurfa að taka sér til fyrirmyndar. Allt tekur tíma en á slíkt ber að stefna.

Að lokum viljum við koma á framfæri þökkum til stjórnar Íslandsdeildar NÖK, sérstaklega Jóhannesar Torfasonar formanns, fyrir gott skipulag og undirbúning þessarar ferðar sem tókst í alla staði hið besta. Einnig þökkum við ferðafélögum okkar góðar og ánægjulegar samverustundir.